

2004 nr. 136 20. desember**Lög um Lánasjóð sveitarfélaga**

Tóku gildi 1. janúar 2005.

■ **1. gr.** Lánasjóður sveitarfélaga er sjálfstæð stofnun, sam-eign allra sveitarfélaga á Íslandi, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Lánasjóðurinn skal starfa sem lána-fyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og uppfylla skilyrði þeirra laga, sé ekki á annan veg mælt í lögum þess-um.

■ **2. gr.** Megintilgangur lánasjóðsins er að tryggja sveitarfé-lögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Skilyrði fyrir því að lánasjóðurinn veiti lán eða ábyrgðir til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbind-ingum þeirra gagnvart lánasjóðnum.

■ **3. gr.** Æðsta vald í málefnum lánasjóðsins er í höndum eigendafunda þar sem eiga sæti fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveit-arfélaga í samræmi við lög þess.

□ Halda skal ársfund lánasjóðsins í tengslum við landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, óháð ákvæðum um tíma-mörk í lögum um hlutafélög. Á ársfundi skal taka fyrir í það minnsta endurskoðaða ársreikninga lánasjóðsins, skýrslu stjórnar um rekstur lánasjóðsins síðastliðið ár og kjör stjórnar og endurskoðanda.

■ **4. gr.** Eigendafundur setur samþykktir fyrir lánasjóðinn þar sem kveðið er nánar á um stjórn hans og rekstur. Sam-þykktirnar eða breytingar á þeim öðlast gildi þegar þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **5. gr.** Ársfundur kýs stjórn lánasjóðsins í samræmi við samþykktir hans. Stjórnin setur útlánareglur sem kveða nán-ar á um skilyrði lánveitinga úr sjóðnum. Stjórnin mótar jafn-framt stefnu um fjármálaþjónustu lánasjóðsins við sveitarfé-lög og aðra starfssemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við megintilgang sjóðsins.

■ **6. gr.** Reikningsár Lánasjóðs sveitarfélaga er almanaksár-ið. Ársreikningur lánasjóðsins skal fullgerður, endurskoðað-ur og undirritaður af stjórn hans fyrir marslok ár hvert. Að fenginni samþykkt ársfundar lánasjóðsins á ársreikningnum skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

■ **7. gr.** Óheimilt er að ráðstafa eigin fé eða tekjuafgangi lánasjóðsins með greiðslu arðs eða niðurfærslu eigin fjár.

■ **8. gr.** Lánasjóði sveitarfélaga verður ekki slitið, hann lagður niður eða sameinaður öðrum stofnunum eða félögum eða honum formbreytt nema með lögum.

■ **9. gr.** Skuldabréf fyrir lánnum sem lánasjóðurinn tekur og veitir skulu undanþegin stimpilgjöldum.

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2005. . . .

■ **11. gr.** . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Félagsmálaráðherra staðfest-ir fyrstu samþykktir lánasjóðsins samkvæmt tillögu stjórnar sjóðsins.

□ Umboð núverandi stjórnar lánasjóðsins helst óbreytt þar til ný stjórn hefur verið kjörin á fyrsta ársfundi hans.

□ Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánnum úr lánasjóðnum, sem tekin voru fyrir gildistöku laga þessara, á réttum gjalddaga, og getur ráðherra þá greitt van-skilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunar-sjóði sveitarfélaga eftir því sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða sem hann hefur tekist á hendur skv. 10. gr. laga nr. 35/1966.

□ Lánasjóður sveitarfélaga skal innan mánaðar frá gildis-töku laga þessara sækja um starfsleyfi sem lána-fyrirtæki skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, sbr. einnig 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga. Sjóðnum er heimilt að starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara og samþykktum um sjóðinn þar til ákvörðun um veit-ingu starfsleyfis liggur fyrir.

□ Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en við árslok 2008.